



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2019

## HEST1GR05

Hestamennska bóklegt 1-Grunnur í hestamennsku  
HEST 1

<b>Kennari:</b>	<b>Sissel Tveten</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>ST</b>
-----------------	----------------------	---------------	-----------

### Lýsing

Meginviðfangsefni áfangans er að kenna undirstöðuatriði í hestamennsku. Helstu ásetur og ábendingar, líkamsbeitingu og taumhald. Grunnþætti í atferli, eðli og hegðun, skapi, skynjun og skynfærum hesta. Farið er í reglur varðandi hestahald, öryggisatriði og hvernig á að undirbúa hest fyrir reið og skilja rétt við hest og búnað að reiðtíma loknum. Þar að auki eru kynnt fyrir nemendum helstu reiðtygi, notkun þeirra og umhirða. Reglur og reiðleiðir á reiðvellingum. Gangtegundir íslenska hestsins, líkama og virkni hans. Grunn vinnubrögð í hringteymingum og að teyma hest við hlið.

### Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mikilvægi rétttrar líkamsbeitingar.
- nauðsyn þess að knapi sé í góðri þjálfun og andlegu jafnvægi.
- helstu reiðtygjum, notkun þeirra og umhirðu.
- grunnþáttum í atferli, eðli og hegðun, skapi, skynjun og skynfærum hesta.
- ásetum og ábendingum við stjórn hests.
- réttu taumhaldi.
- gangtegundum íslenska hestsins, grunnþáttum, skilgreiningum, hreyfistigum og aðgreiningu.
- helstu reglum og reiðleiðum á reiðvellingum.
- hvernig skal undirbúa hest rétt fyrir reið.
- hvernig skilja skuli rétt við hest og búnað að reiðtíma loknum.
- reglum varðandi hestahald.
- helstu öryggisatriðum er lúta að hestahaldi og búnaði fyrir hest og knapa.
- líkama hestsins og virkni hans.
- hringteymingum og að teyma hest.

### Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- tjá sig í ræðu og riti um grunnatriði fagsins.

### Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- taka þátt í almennum umræðum um fagið.
- fylgja leiðbeinandi reglum um öryggismál á vinnustað.
- vera meðvitaður um eigin stöðu og færni í hestamennsku.
- hafa skilning á atferli og hegðun hestsins og geta brugðist við á viðeigandi hátt.
- Geta tjáð sig í ræðu og riti um grunnatriði fagsins.

### Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ritgerðum og ýmsum verkefnum, prófum, jafningjamati og sjálfsmati.

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	kennari
34	19.– 23. ágúst	Kynning á kennara, nemendum kennsluáætlun og markmið annarinnar.	ST
35	26.– 30. ágúst	Farið yfir ásetur, taumhald og taumsamband, bugáseta. Reiðleiðir og reglur á reiðvellingum.	ST  ST
36	2.- 6. sept	Reiðleiðir og reglur á reiðvellingum. Að riða hest í jafnvægi, jafn hraði, half halt.	ST  ST
37	9.-13. sept	Hvar á hnakkurinn að vera og hvernig get ég séð hvort að hnakkurinn passar á hestinum? Byggingalag og ólík bók á hestum skoðuð. Lengd og lögun méla skoðuð.	ST  ST
38	16.-20. sept	Sætisæfingar. Farið dýpra í að skoða reiðtygi, heimsókn í Baldvín og Þorvald.	ST  ST
39	23. - 27. sept	Samband manns og hests. Atferlisfræði. Atferlisfræði eðli og hegðun hestsins. Monty Roberts, join up, advance and retreat.	ST  ST
41	7.- 11. okt	Ásetur verkefnavinna	ST  ST

42	14. - 16. okt	Byggingalag hests, æskileg og óæskileg reiðhestsbygging.	ST ST
43	21. - 25. okt	Gangtegundir Íslenska hestsins.	ST ST
44	28.okt - 1. nóv	Fet	ST ST
45	4. - 8. nóv	Brokk	ST ST
46	11. - 15. nóv	Stökk	ST ST
47	18. - 22. nóv	Tölt	ST ST
48	25. - 29. nóv	Skeið	ST ST
49	2. des - 6. des	Upprifjun Prófsýning	ST ST